

Annáll Lindu Leu Bogadóttur, markaðs- og menningarfulltrúa Fjallabyggðar, við afhendingu menningarstyrkja og útnefningu Bæjarlistamanns Fjallabyggðar árið 2024.

Kæru gestir gleðilega hátíð. Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin.

Í kvöld ætlum við að útnefna Bæjarlistamann Fjallabyggðar árið 2024 með formlegum hætti en Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar samþykkti, þann 9. nóvember sl., að útnefna Ástþór Árnason Bæjarlistamann Fjallabyggðar árið 2024. Er það í 15. sinn sem nefndin útnefnir bæjarlistamann Fjallabyggðar.

Líkt og fyrri ár, notum við tækifærið og afhendum formlega styrki Fjallabyggðar til menningarmála, til hátíðarhalda og stærri viðburða. Einnig afhendum við rekstrarstyrki til safna og setra, styrki til fræðslumála og styrki til grænna verkefna.

Markaðs- og menningarnefnd úthlutar styrkjum í flokki menningartengdra verkefna og gefur bæjarráði umsögn sína um styrki í flokki hátíða og rekstrarstyrkja til safna og setra. Nefndin reynir eftir fremsta megni að horfa til þess að styrkja verkefni sem eru orðin fastur liður í lífi og starfi fólks en á sama tíma að veita verkefnum sem ýta undir nýsköpun og grósku brautargengi.

Ef við skellum okkur í lítið ferðalag og lítum á það sem í boði var á árinu 2023.

Allar föstu hátíðirnar hafa með tíð og tíma vaxið og dafnað og eru í dag orðnar mikilvægt aðdráttarafli fyrir ferðamenn og gesti og hafa því jákvæð áhrif á samfélagið bæði félagslegt og efnahagslegt.

Leikfélag Fjallabyggðar - okkar öfluga áhugaleikfélag setur upp leiksýningu á ári hverju og var uppfærsla verksins Birgitta kveður verkefni ársins 2023 og að auki skelltu þau í eina 10 ára afmælisýningu Ert'ekki að meinaða í október sl.

Í Tjarnarborg menningarhúsi Fjallabyggðar var að finna ýmsa viðburði og sýningar sem lífuguðu upp á hversdaginn. Þjóðlagasetur bauð upp á sumartónleika og Pálshús safna og sýningahús bauð upp á listasýningar í bland við hinar föstu sýningar hússins og opnaði formlega kjallara hússins í júní en hann varðveitir sýninguna Undirheima.

Fjarðargangan, fyrsta vetrarhátíð Fjallabyggðar fór fram 10. og 11. febrúar og var einmitt haldin í ár um nýliðna helgi. Hápunktur skíðavertíðarinnar er svo án efa yfir páskana á skíðasvæðum Fjallabyggðar. Þá flyktist fólk í stórum stíl til fjalla til að njóta útiveru og stunda skíðamennsku. Menningin var svo sannarlega á sínum stað yfir páskana þegar listahátíðin Leysingar var haldin í Alþýðuhúsinu.

Yfir sumartímamann fer útivistarfólk hamförom, göngur og hjólreiðar taka við af fjallskíðamennskunni, golfarar slá bolta sína á okkar frábæru golfvöllum og á íþróttavellinum eru einstaka kappleikir og ungir veiðimenn læðast með ám og munda stöngina eða jafnvel sigla út á fjörðinn með sjóstangir sínar.

Eftir hátíðahöld í tilefni sjómannadags fyrstu helgina í júní var Þjóðhátíðardagurinn 17. júní haldin hátíðlegur. Fjórið í Fjallabyggð hélt svo áfram þegar júlí gekk í garð með tilheyrandi gestakomum og hátíðum en Þjóðlagahátíð var haldin dagana 3. – 7. júlí,

Frjó listahátíð fylgdi í kjölfarið dagana 13. – 16 júlí ásamt Sápuboltanum sem haldin var helgina 21. og 22. júlí. Trilludagar voru á sínum stað síðasta laugardag júlímánaðar. Við fögnuðum svo komu ágústmánaðar með Síldarævintýri á Siglufirði og Berjadögum tónlistarhátíð í Ólafsfirði um verslunarmannahelgi. Keppendur hlupu svo af stað í Fjarðarhlaupinu þann 12. ágúst, sumir fóru alla leið frá Dalvík yfir fjöllin til Siglufjarðar meðan aðrir tóku „skemmtiskokkið“ og fóru „bara“ hlaupandi frá Ólafsfirði yfir til Siglufjarðar. Stór afrek þar á ferð. Í byrjun september brunuðu hjólreiðaunnendur af stað í Fjarðarhjólinu og við fögnuðum svo haustinu enn frekar með Haustglæðum Ljóðahátíð Ljóðaseturs. Síldarminjasafnið, Kirkjukór Ólafsfjarðar og Karlakór Fjallabyggðar slógu svo botninn í menningarárið 2023 með jólatónleikum hver á sínum staðnum. Þessi upptalning er alls ekki tæmandi. Því fjölmörg önnur verkefni hlutu styrk á árinu 2023 og má þar meðal annars nefna viðburði í Alþýðuhúsinu á Siglufirði, Sunnudagskaffi með skapandi fólki, listasmiðjur, tónleikar, ljóðadagskrá og margt annað. Farandtóleikar Daníels Péturs og Ljóðasetur bauð börnum upp á Lestrarstundir.

Eins og sjá má þá var af nógu að taka og gríðarlega mikið og gott menningarstarf unnið í Fjallabyggð á nýliðnu ár.

Fyrir hönd markaðs- og menningarnefndar þakka þeim fjölmörgu aðilum sem hér starfa að list, menningu og nýsköpun fyrir þeirra gríðarlega góða og vel unna starf og þeirra framlag til eflingar menningar og lista í bæjarfélaginu.

Það er gott að búa í Fjallabyggð og til að samfélagið okkar vaxi og dafni, þurfa þau sem því tilheyra að vera virkir þátttakendur í lífi og starfi. Í litlum samfélögum er ekki alltaf hægt að bíða eftir að einhver annar geri hlutina, stundum þarft þú að vera þessi einhver annar. Ég hef fulla trú á því að þau verkefni sem hlotið hafa styrki á árinu 2024, verði til þess að efla og virkja samfélagið enn frekar því flest okkar vitum að menning skapar verðmæti fyrir samfélagið og eykur lífsgæði þeirra sem í samfélaginu búa en það er svo sannarlega vilji sveitarfélagsins að styðja við nýsköpun sem grundvöll menningarlegra og efnahagslegra lífsgæða í Fjallabyggð.

Fyrir hönd Fjallabyggðar þakka ég ykkur fyrir að vera þessi „þú“ sem lætur hlutina gerast og listina verða til í öllum regnbogans litum.

Fjallabyggð 15. febrúar 2024

Linda Lea Bogadóttir
Markaðs- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar